



Skýrsla stjórnar fyrir 2023-2024



Nóvember 2024

Inngangur

Stofnfundur Skógarkvenna var haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019. Markmið félagsins er þátttaka kvenna á öllum aldri innan allra sviða skógræktar, með áherslu á samheldni og samvinnu. Þessu verði náð með því að:

- Auka þátttöku kvenna í skógrækt, sem skógareigenda, starfsmanna, rannsakanda eða áhugamanneskju um skógrækt.
- Marka konum sess innan skógræktar.
- Vinna með almenningi, hinu opinbera og stofnunum, bæði innan skógræktar og utan hennar, að því að mál er lúta að konum og skógrækt séu sett á dagskrá.
- Vera tengslanet kvenna innan skógræktar.

Aðalfundur 2023 og stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2023 var haldinn 8. nóvember 2023, í fundarsal Skógræktarfélags Íslands og í fjarfundi.

Úr stjórn áttu að ganga Ragnhildur Freysteinsdóttir og Sigríður Erla Elefsen. Ekki komu fram fleiri framboð og voru þær því sjálfkjörnar. Fyrir í stjórn var Hraundís Guðmundsdóttir. Björk Kristjánsdóttir var kosin sem varamaður. Sem skoðunarmaður reikninga var kosin Hrefna Einarsdóttir og til vara Anna Soffía Óskarsdóttir. Stjórn skipti með sér verkum á þá leið að Ragnhildur er formaður, Sigríður gjaldkeri og Hraundís ritari.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

- Félagið stóð fyrir ráðstefnu á vefnum í apríl, í samstarfi við Kvinner i skogbruket í Noregi og Spillkrákan í Svíþjóð og var þema hennar „Skógur og loftslag“. Haldin var samkoma hérlandis fyrir þær sem höfðu tök á því að hittast, í Guðmundarlundi í Kópavogi. Hátt í fimmtíu konur, frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi mættu á vefnum, hlustuðu á fræðsluerindi og tóku þátt í hópaspjalli um tiltekin málefni.
- Skógarkonur eru meðlimir WOFO – Women in Forestry International og stendur WOFO reglulega fyrir fræðsluerindum á vefnum. Formaður Skógarkvenna hélt slíkt erindi í 4. júní um Skógarkonur og skógrækt á Íslandi.
- Boðið var í heimsókn til Silfrastaða í Skagafirði 29. júní þar sem skógfræðingurinn og skógarbóndinn Hrefna Jóhannesdóttir tók á móti gestunum og leiddi fróðlega göngu um skóginn,
- Boðið var til gróðursetningar í Vinaskógi í samstarfi við BPW-klúbbinn 17. september. Fyrirhugað hafði verið að hafa gróðursetninguna á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september en vegna veðurs var henni frestað um einn dag.
- Formaður hélt kynningu á Skógarkonum á málþingi skógarbænda sem haldið var á Laugum í Sælingsdal 12. október.
- Fulltrúar frá skógarkonum sátu aðalfund WOFO í Slóveníu 24. október og ráðstefnu um málefni kvenna innan skógræktar tengdri fundinum. Formaður Skógarkvenna er ritari í stjórn WOFO.
-

Annað

Einföld vefsíða er til fyrir félagið, unnin í Wordpress. Slóðin er: <https://skogarkonur.org/>